



Hringssjá

Náms- og starfsendurhæfing

ÁRSSKÝRSLA 2023-2024

EFNISYFIRLIT

Ársskýrsla 2023-2024	1
Inngangur	1
Stjórn	1
Fjármögnun	1
Húsnæðismál	1
Umhverfismál.....	2
Gæðavottun EQM	2
Framhaldsfræðsluaðili	2
Tímamótasamningur.....	2
Formlegt samstarf við framhaldsskóla	3
Þjónustusamningar	3
VIRK starfsendurhæfingarsjóður	3
Vinnumálastofnun	4
Heilsugæslan Kirkjusandi.....	4
Advania	4
Erlent samstarf.....	5
“Developing competences of Nordic adult educators: reaching and involving vulnerable groups into nonformal adult education”	5
„Establish a Youth Center“	5
Erasmus + mobility	6
„Young people and the future – Education for sustainable development“	7
„Vocational Guidance Development Program in Poland”	7
Árangur.....	7
Starfsfólk	8
Starfsemin.....	9
Námskeið.....	9
Matsbraut.....	10
Matsbraut fyrir fólk með erlendan bakgrunn.....	10
Sérstakur stuðningur við fólk með erlendan bakgrunn.....	11
Sérstakur stuðningur við nám.....	11
Einstaklingsbundin þverfagleg starfsendurhæfing/Nám	11
Stoðþjónusta	12
Félagsráðgjafi	12
Iðjuþjálfari	12
Sálfræðingur	12
Lesblinda og sértækir námsörðugleikar.....	12
Önnur stoðþjónusta	13
Nemendur	13
Daglegt starf og þjónusta.....	14
Félagslíf	15
Styrkir.....	15
Ýmis verkefni	15
Niðurlag.....	16

INNGANGUR

Hringsjá náms- og starfsendurhæfing er ætluð einstaklingum 18 ára og eldri sem hafa verið frá vinnu- markaði eða námi vegna slysa, veikinda, félagslegra erfiðleika eða annarra áfalla. Hringsjá hentar einnig þeim sem eru með litla grunnmenntun eða hafa átt erfitt með að tileinka sér hefðbundið nám. Endurhæfingin felst í einstaklingsmiðuðu námi í formi styttri námskeiða, matsbrautar eða einingabæru námi með sérhæfðri ráðgjöf og stuðningi. Markmiðin með náminu og endurhæfingunni eru að einstaklingar fari út á vinnumarkað og/eða í áframhaldandi nám eftir endurhæfingu hjá Hringsjá.

Undirmerkið eru að leggja eða endurnýja almennan þekkingargrunn einstaklinga, að undirbúa einstaklinga fyrir almenn skrifstofu- og þjónustustörf, að efla persónulega færni einstaklinga, að efla félagslega færni einstaklinga, að auka samfélagslega þátttöku og lífsgæði einstaklinga og fjölskyldna þeirra. Meðal markmiða Hringsjár náms- og starfsendurhæfingar er að vera á hverjum tíma leiðandi í því verkefni að endurhæfa og styðja einstaklinga til sjálfstæðis, virkni og þátttöku í samfélaginu.

Hringsjá hefur starfað sem sjálfstæð stofnun frá 6. október árið 1987 og er í eigu ÖBÍ réttindasamtaka. Hringsjá hét fyrst Starfsþjálfun fatlaðra, síðan Hringsjá starfsþjálfun fatlaðra, en árið 2006 var nafninu breytt í Hringsjá náms- og starfsendurhæfing.

STJÓRN

Stjórn Hringsjár er skipuð af ÖBÍ réttindasamtökum og var þannig skipuð árið 2023-2024:

Magnús Ingimundarson, formaður
Elfa S. Hermannsdóttir
Eva Þengilsdóttir
Frímann Sigurnýasson
Hrönn Stefánsdóttir

Stjórnarfundir eru haldnir mánaðarlega. Að auki sitja formaður og forstöðumaður ýmsa fundi í tengslum við starfsemi og rekstur Hringsjár. Meðal stærstu verkefna var að tryggja rekstrarlegan fjárhag starfseminnar.

FJÁRMÖGNUN

Hringsjá náms- og starfsendurhæfing er fjármögnuð með sölu á þjónustu. Kaupendur á árinu voru Vinnuálastofnun, Virk starfsendurhæfingarsjóður, Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, önnur sveitarfélög og aðrir samstarfsaðilar.

HÚSNÆÐISMÁL

Húsnæði Hringsjár að Hátúni 10d er 555 fm að stærð og Hringsjá leigir 466 fm af Brynju leigufélagi í Hátúni 10. Einnig fer kennsla að hluta til fram í Íþróttahúsi ÍFR, Hátúni 14.

BG verktakar sáu um þrif á húsnæðinu í Hátúni 10d og Örtækni sinnir þrifum á húsnæðinu í Hátúni 10. Brynja leigufélag ses. og Garðþjónusta Sigurjóns sinntu umhirðu á lóðinni.

UMHVERFISMÁL

Áhersla er lögð á umhverfisvernd og er allt sopp flokkað. Nemendur Hringsjár geta keypt kort hjá Strætó BS á sömu kjörum og örorkulífeyrisþegar ef þeir eru á endurhæfingarlífeyri. Að auki veitir Hringsjá afslátt af efnisgjöldum nemenda ef þeir kaupa kort hjá Strætó BS. Er það liður í að hvetja nemendur til að nýta almenningssamgöngur.

GÆÐAVOTTUN EQM

Evrópska gæðamerkið (European Quality Mark/EQM) er gæðavottun framhaldsfræðsluáðila. Árið 2014 fékk Hringsjá gæðavottun EQM en með vottuninni er staðfest að Hringsjá stenst evrópskar kröfur um gæði fræðslustarfsemi á fullorðinsstigi. Núverandi vottun gildir til 2026.



GÆÐAVOTTUN
FRÆÐSLUÁÐILA

FRAMHALDSFRÆÐSLUÁÐILI

Hringsjá er með viðurkenningu frá Menntamálastofnun sem aðili til að annast framhaldsfræðslu á Íslandi. Viðurkenningin byggir á lögum nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Viðurkenningin byggist á mati á aðstöðu til kennslu, skipulagi náms, námskrám, þekkingu, reynslu, fjárhagsmálefnum, tryggingum og gæðakerfi.

TÍMAMÓTASAMNINGUR

Þann 8. janúar síðastliðinn undirrituðu Guðmundur Ingi Guðbrandsson félags- og vinnumarkaðsráðherra, Helga Eysteinsdóttir forstöðumaður Hringsjár, náms- og starfsendurhæfingar og Laufey Gunnlaugsdóttir deildarstjóri hjá Vinnumálastofnun samning sem gerir Hringsjá kleift að hafa lengri opnunartíma og tryggja þannig þjónustu allt árið. Hluti styrksins mun auk þess verða nýttur til að þróa og kenna námsbraut fyrir fólk af erlendum uppruna. Samningurinn er að upphæð 40 milljónum króna og nær til áranna 2024 og 2025.



Mynd 1: F.v. Helga Eysteinsdóttir, Guðmundur Ingi Guðbrandsson og Laufey Gunnlaugsdóttir

FORMLEGT SAMSTARF VIÐ FRAMHALDSSKÓLA

Þann 9. júní 2023 voru undirritaðir formlegir samstarfssamningar við þá framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu sem mest samstarf er við þ.e. Borgarholtsskóla, Fjölbrautarskólann við Ármúla, Fjölbrautarskólann í Breiðholti og Tækniskólann. Hringsjá hefur verið í miklu samstarfi við áður talda framhaldsskóla en með formlegum samstarfssamningi verður nám Hringsjár metið til framhaldsskólalæininga. Þetta samkomulag hefur mikla þýðingu fyrir starfsemi og nemendur Hringsjár sem fá með þessu móti aukin tækifæri til náms.



Mynd 2: F.v.: Þuríður Harpa Sigurðardóttir þáverandi formaður ÖBÍ, Magnús Ingvason skólameistari Fjölbrautarskólans við Ármúla, Hildur Ingvarsdóttir skólameistari Tækniskóla Íslands, Ársæll Guðmundsson skólameistari Borgarholtsskóla, Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari Fjölbrautarskólans í Breiðholti, Helga Eysteinsdóttir forstöðumaður Hringsjár og Elfa S. Hermansdóttir stjórnarmaður í Hringsjá

ÞJÓNUSTUSAMNINGAR

VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Þjónustusamningur er við **VIRK Starfsendurhæfingarsjóð** um þjónustu á sviði náms- og starfsendurhæfingar; bæði þátttöku á námskeiðum, mati á stöðu og starfsendurhæfingarmöguleikum, einstaklingsbundinni þverfaglegri starfsendurhæfingu og eftirfylgni. Samningurinn gildir um þjónustu fyrir einstaklinga sem eru með heilsubrest og hafa þörf fyrir atvinnutengda starfsendurhæfingu. Samningur um þjónustu á sviði starfsendurhæfingar var undirritaður 25. október 2021 og gildir hann til 30. september 2024.



VINNUMÁLASTOFNUN

Samningur á sviði vinnumarkaðsúræða, sér í lagi á sviði starfsendurhæfingar, var gerður 31. október 2014. Núgildandi samningur var undirritaður 8. janúar 2024 og gildir til 31. desember 2025.

Samningurinn nær til einstaklinga sem metnir eru í þörf fyrir atvinnutengda endurhæfingu skv. lögum nr. 100/2007 um almannatryggingar, lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir eða lögum nr. 55/2006 um vinnumarkaðsaðgerðir.



HEILSUGÆSLAN KIRKJUSANDI

Við upphaf náms- og starfsendurhæfingar í Hringsjá undirrita allir nemendur samstarfssaming þar sem þeir skuldbinda sig að hlíta ákveðnum reglum á meðan á náminu stendur. Hringsjá er reyklaust og vímuefnalaust hús. Nemandi heimilar vímuefnaskimun ef forstöðumaður fer fram á það. Samstarfssamningur er við Heilsugæsluna Kirkjusandi um framkvæmd hennar.



ADVANIA

Þjónustusamningur er í gildi við Advania um aðgang að Innu og tengdum kerfum. Kerfið felur m.a. í sér umsóknarkerfi, nemendabókhald, stundatöflugerð, kennslukerfi, námskrár, yfirlit yfir samskipti nemenda og kennara, kennslumat, skýrslugerð, útskrift og tengingu við bókhald. Kerfið auðveldar öll samskipti og með innleiðingu þess er komin tenging við kerfi framhaldsskólanna sem er mjög mikilvæg fyrir starfseminu og nemendur.



ERLENT SAMSTARF

“DEVELOPING COMPETENCES OF NORDIC ADULT EDUCATORS: REACHING AND INVOLVING VULNERABLE GROUPS INTO NONFORMAL ADULT EDUCATION”

Hringsjá tók þátt í samstarfsverkefni í gegnum Nordplus (2022 -2024). Samstarfsaðilar voru Studiefrámjandet Upp-



sala og FO-Aarhus. Verkefnið var til 18 mánaða og á þeim tíma, var skrifuð handbók fyrir kennara og aðra starfsmenn í fullorðinsfræðslu. Handbókin inniheldur leiðbeiningar og einnig ýmsar æfingar og gagnreyndar aðferðir sem reynst geta vel í fullorðinsfræðslu. Í febrúar 2023 sátu átta manns frá þáttökulöndum þriggja daga vinnufund í Hringsjá. Í janúar 2024 lauk verkefninu formlega með ráðstefnu í Århus, þar sem fulltrúar allra þáttökulanda fluttu erindi. Verkefnið var nokkurs konar framhald af tilraunaverkefni á vegum Nordplus og Norrænu Ráðherranefndarinnar sem lauk í desember 2021.

„ESTABLISH A YOUTH CENTER“

Síðastliðin fjögur ár hefur Hringsjá verið samstarfsaðili Montana (City of Montana) í Búlgaríu í EES/EEA verkefni um stofnun ungmennaseturs fyrir ungt fólk, sem hvorki er í námi né vinnu, í Montana. Framlag Hringsjár hefur falist í miðlun á aðferðum sem gagnast vel þegar unnið er með hóp ungmenna sem tilheyra áhættuhópum. Verkefnið er styrkt af Uppbyggingarsjóði EES/EEA Grants.



Í apríl 2023: Fimm manna hópur kom til Íslands frá Montana á vegum verkefnisins. Hópurinn kynnti sér starfsemi Hringsjár og fór einnig í heimsóknir á aðrar stofnanir sem bjóða upp á endurhæfingu og/eða nám fyrir ungt fólk.

Í september 2023: Tveir starfsmenn og þrír nemendur Hringsjár fóru til Montana og tóku virkan þátt í ungmennáþingi á vegum ungmennasetursins.

Í apríl 2024: Tveir starfsmenn Hringsjár (forstöðumaður og umsjónarmaður verkefnisins á Íslandi) fóru til Montana og funduðu með samstarfsaðilum og kynntu sér jafnframt starfsemi ýmissa stofnana. Verkefninu lauk formlega 30. apríl. Mikill áhugi er fyrir frekari samvinnu á milli Hringjár og Montana (City of Montana).

ERASMUS + MOBILITY

Það komu 4 heimsóknir í tengslum við Erasmus+ mobility. Þá koma kennarar eða aðrir sérfræðingar og eru bæði að fá að kynna sér starfsemina og einnig að taka þátt með því að vera með kennslu og/eða gestafyrirlestra.

Skólastjóri EOI San Roque tungumálaskólans á Spáni kom í heimsókn í apríl 2023 og kynnti sér starfsemi Hringsjár. Fundurinn var liður í að styrkja samband á milli þessara stofnana og ræða mögulega samvinnu.

Í apríl 2023 komu fjórir náms og starfsráðgjafar frá Åbo Akademi University, Centre for lifelong learning í heimsókn í apríl á vegum Erasmus+ mobility. Þeir kynntu sér starfsemi Hringsjár og funduðu með tveimur starfsmönnum. Fundurinn var liður í að styrkja samband á milli þessara stofnana og ræða mögulega samvinnu.

Tveir kennarar frá fullorðinsfræðslustofnuninni Serafí De Centelles á Spáni komu í starfsspeglun í fjóra Daga í apríl 2024. Þeir kynntu sér starfsemi Hringsjár og tóku virkan þátt í kennslu á Matsbraut. Mikill áhugi er á að styrkja samvinnu milli Hringsjár og Serafí De Centelles og skipuleggja nemendaskipti á milli þessara stofnana.

Tveir sérkennarar frá fullorðinsfræðslustofnuninni Ammattiopisto Luovi í Finnlandi komu í starfsspeglun í fjóra daga og kynntu sér starfsemi Hringsjár. Mikill áhugi er á að styrkja samvinnu milli Hringsjár og Luovi og skipuleggja nemendaskipti á milli þessara stofnana.



„YOUNG PEOPLE AND THE FUTURE – EDUCATION FOR SUSTAINABLE DEVELOPMENT“

Fjórir nemendur frá Hringsjá voru þátttakendur á ráðstefnunni "Young people and the future - Education for sustainable development" sem haldin var á Varmalandi, Borgarfirði í nóvember. Ráðstefnan var hluti af verkefninu, Menntun til sjálfbærni. Þátttakendur voru frá öllum Norðurlöndunum og aðalviðfangsefnið var að ræða þær áskoranir sem Norðurlöndin standa frammi fyrir varðandi sjálfbærni á Norðurlöndunum og hvaða þörf ungt fólk hefur fyrir kennslu og menntun á því sviði. Verkefnið Menntun til sjálfbærni var leitt af Rannís í samstarfi við Samfés og fjármagnað af Norrænu ráðherranefndinni.



„VOCATIONAL GUIDANCE DEVELOPMENT PROGRAM IN POLAND“

Fulltrúa frá Hringsjá var boðið að taka þátt í og flytja erindi á ráðstefnu sem haldin var í Lublin í Póllandi í nóvember. Ráðstefnan bar yfirskriftina „Vocational Guidance Development Program in Poland“.

Um var að ræða þverfaglega ráðstefnu ýmissa stofnana sem vinna með einstaklinga sem eru með óformlega menntun og eru ekki á vinnumarkaði. Markmið ráðstefnunnar var að miðla áfram faglegri ráðgjöf og skilvirkum aðgerðum, til að bæta lífsgæði þeirra einstaklinga til að takast á við vandamál til lengri tíma.



ÁRANGUR

Nemendur í diplómanámi í starfsendurhæfingu gerðu könnun á náms- og starfsendurhæfingu hjá Hringsjá á árunum 2012-2019. Verkefnið var unnið í áfanganum Nýsköpun á vettvangi: Fræði og fag við Háskóla Íslands undir leiðsögn dr. Ástu Snorradóttur, lektors við félagsráðgjafadeild H.Í.

Á árunum 2012-2019 útskrifuðust 256 manns eftir þriggja anna nám frá Hringsjá, 174 konur og 82 karlar. Miðað við fyrri kannanir hefur þátttakendum í yngsta aldurshópnum 18-24 ára fjölgað úr 4% í 28%. Einnig fjölgaði þeim sem eingöngu voru með grunnskólapróf úr 37% í um 48%. Alls eru 59% í fullri vinnu eða hlutastarfi á mótí 33% í fyrri könnunum. Flestir, eða 76% svarenda, höfðu stundað nám af einhverju tagi, allt frá námskeiðum til háskólanáms eftir að starfsendurhæfingu lauk. Alls eru 27% í námi núna. Þannig að hlutfall svarenda sem eru í námi eða starfi að hluta til eða að fullu er 86%.

Helstu niðurstöður eru að meðalaldur þátttakenda er lægri en áður, fleiri eru eingöngu með grunnskóla-próf við upphaf starfsendurhæfingar, fleiri skila sér út á vinnumarkað og þátttakendur eru duglegir að bæta við sig þekkingu í formi náms eða námskeiða að lokinni starfsendurhæfingu hjá Hring sjá.

Þessi könnun sýnir að náms- og starfsendurhæfing Hring sjár skilar árangri fyrir þátttakendur bæði hvað varðar atvinnuþátttöku og betri líðan. Við gerð þessa verkefnis kom í ljós að samspil umhverfis, starfsfólks og úrræða Hring sjár skilar sér í góðum árangri flestra þátttakenda og í sumum tilfellum taka sumir alveg nýja stefnu í lífinu.

Guðrún Hannesdóttir fyrrum forstöðumaður Hring sjár gerði rannsókn á árangri náms- og starfsendurhæfingar Hring sjár sem hluta af meistararitgerð sinni: Til mikils er að vinna: Starfsendurhæfing, stefna og leiðir til virkni og þátttöku í samfélaginu (2009). Anna Sigríður Einarsdóttir (2013) gerði sambærilega rannsókn í MA ritgerð sinni; Árangur náms- og starfsendurhæfingar. Tengsl við trú á eigin getu til náms- og starfsákvörðunar. Niðurstöður beggja þessara árangurskannana voru að rúmlega 70% útskrifaðra nemenda voru í námi og/eða starfi að hluta til eða að fullu eftir starfsendurhæfingu í Hring sjá.

STARFSFÓLK

Eftirfarandi einstaklingar störfuðu hjá Hring sjá á árinu 2023 – 2024 í 18,9 stöðugildum og sinntu eftirfarandi verkefnum:

- Adolf Hólm Petersen, félagsfræði - stundakennari
- Alida Ósk Smáradóttir, sálfræði - stundakennari
- Andri Reyr Steingrímsson, aðstoðarritari
- Anna Sigríður Einarsdóttir, náms- og starfsráðgjafi
- Erling Ólafur Aðalsteinsson, enska - stundakennari
- Gígja Baldursdóttir, Davis ráðgjafi, erlent samstarf, gæðastjórnun, myndlist, samfélagsmiðlar og sértæk námsaðstoð
- Gréta Guðmundsdóttir, ritari
- Guðný Jónsdóttir, kennari á matsbrautum
- Guðrún Helga Sigurðardóttir, deildarstjóri matsbrautar
- Gunnar Möller, upplýsinga- og tölvutækni og rekstur upplýsingakerfis Hring sjár
- Halldór Örn Þorsteinsson, stærðfræði, bókfærsla, fjármál, stuðningskennsla
- Helga Eysteinsdóttir, forstöðumaður
- Helga Þórey Júlíudóttir, stærðfræði, sérkennari - stundakennari
- Hildur Ævarsdóttir, iðjuþjálfari
- Hrafney Svava Þorsteinsdóttir, náms- og starfsráðgjafi
- Ingibjörg Nanna Smáradóttir, ritari
- Jason Ívarsson, stærðfræði – stundakennari
- Jón Arnar Stefánsson, íþróttifræðingur – stundakennari
- Jónas Hannes Eyberg, viðurkenndur bókari, stuðningsfulltrúi
- Katrín Jóna Svavarsdóttir, íslenska, tölvur – stundakennari
- Katrín Vignisdóttir, verkefnastjóri og náms- og starfsráðgjafi
- Kristín Friðriksdóttir, félagsráðgjafi og fjölskylduráðgjafi
- Linda Björk Sigurðardóttir, íslenska
- Sigrún Óskarsdóttir, bókfærsla - stundakennari

- Svala Arnardóttir, viðurkenndur bókari
- Unnur Héðinsdóttir, sálfræði – stundakennari

Eftirfarandi einstaklingar störfuðu við Hring sjá í verktöku við ýmis verkefni:

- Alida Ósk Smáradóttir, sálfræðingur
- Brynja Valdís Gísladóttir, leiklist
- Elísabet Hildipórsdóttir, sérkennari
- Elsa Bára Traustadóttir, sálfræðingur
- Helga Arnardóttir, MSc. í félags- og heilsusálfræði
- Helgi Örn Pétursson, jógakennari
- Gunnar Möller, kennari
- Klara Dögg Sigurðardóttir, jógakennari
- Þorvaldur Ingi Jónsson, Qigong leiðbeinandi

Starfsmannafundir voru haldnir vikulega. Að auki voru vikulegir fundir forstöðumanns með stoðþjónustudeildinni þ.e. félagsráðgjafa, iðjuþjálfara, náms- og starfsráðgjafa og sérkennara. Einnig eru vikulegir fundir forstöðumanns með starfsmönnum matsbrautar.

Starfsmenn tóku auk þess þátt í ýmsum ráðstefnum, fundum og fyrirlestrum; m.a. aðalfundi ÖBÍ, ársfundi VIRK, námskeiðum á vegum BHM og Endurmenntun HÍ. Auk þess tóku starfsmenn þátt í Landskeppni í hreyfingu: Lífshlaupið í febrúar. Starfsmenn tóku einnig þátt í ýmsum öðrum upptökum sem voru til þess fallnar að efla hópinn og starfsánægju.

Í október 2023 var farin náms- og kynnisferð til Tenerife. Tilgangurinn með ferðinni var að efla starfsfólk í starfi. Farið var í heimsókn og kynningu hjá P.O.D. Association en þessi félagasamtök reka ungmennasetur fyrir ungt fólk sem stendur höllum fæti í samfélaginu. Dr. Árelía Eydís Guðmundsdóttir sá um fræðslu fyrir starfsfólk. Áherslurnar voru á vinnumarkaðsfræði, vinnumarkað framtíðarinnar og liðsheild og samstarf á krefjandi og þverfaglegum vinnustað.

Mikil áhersla er lögð á að Hring sjá sé góður vinnustaður og að til staðar séu tækifæri til þróunar í starfi og lífi. Það á við bæði um allt starfsfólk sem og notendur þjónustunnar.

STARFSEMIN

NÁMSKEIÐ

Í boði var fjölbreytt úrval námskeiða sem kennd voru bæði fyrir hádegi og eftir hádegi. Boðið var upp á Tölvunámskeið, Bókhaldsnámskeið, Stærðfræðinámskeið, Fjármálanámskeið og sjálfsstyrkingarnámskeið af ýmsu tagi eins og t.d. Jákvæð sálfræði, Styrkleika og núvitund, HAM námskeið, Daglegt líf með ADHD, Að ná tökum á reiði og öðrum erfiðum tilfinningum o.fl.


Alls voru 711 einstaklingar skráðir á námskeið á árinu 2023 og á vorönn 2024. Flestir eða 465 voru með lögheimili í Reykjavík. Fjöldi þeirra sem búa í nágrennasveitarfélögum voru 143 (Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær og Seltjarnarnes) og samtals 103 víðs vegar af landinu.

MATSBRAUT

Matsbrautin er ætluð til að meta raunhæfi þess að hefja markvissa starfsendurhæfingu. Matsbrautin var eflað og endurskipulögð. Á brautinni var einn starfsmaður í 100% starfi en á árinu 2023 bættist við iðjubjálfi í 100% starf, kennari í 100% starf og náms- og starfsráðgjafi í 50% starf. Það eru 3,5 stöðugildi sem sinna matsbraut auk stundakennara og verktaka.

Matsbraut hentar vel þeim sem vilja meta stöðu sína. Markhópurinn eru þeir sem vilja auka daglega virkni, þeir sem stefna á nám en hafa verið lengi frá námi, þeir sem vilja fara í starfsendurhæfingu í Hringsjá og þeir sem vilja vera í litlum hóp með einstaklingsmiðaða nálgun og byrja rólega. Matsbrautin byggist á verkefnavinnu, tölvunotkun, tölunotkun, valdeflingu, sjálfsstyrkingu, mati á færni, geðrækt og hreyfingu t.a.m. jóga. Dagskráin miðar að því að styrkja sjálfsmynd þátttakenda og stuðla að jákvæðu viðhorfi til náms eða starfs. Nálgun er einstaklingsmiðuð og efnistöð fjölbreytt.

Fyrsti hópurinn fór af stað í september 2022 og voru 16 manns á matsbraut haustið 2022. Á vorönn 2024 hafa 8 hópar klárað og samtals 89 manns.



Graf 1: Fjöldi á matsbraut 2022 - 2024

MATSBRAUT FYRIR FÓLK MEÐ ERLENDAN BAKGRUNN

Í febrúar 2023 fór af stað tilraunaverkefni í samstarfi við VIRK starfsendurhæfingarsjóð fyrir fólk í starfsendurhæfingu með erlendan bakgrunn. Um er að ræða 1-3 mánaða úrræði. Í maí 2024 hafa samtals 7 hópar lokið matsbraut fyrir fólk með erlendan bakgrunn.

Í þróun er 5-6 mánaða heildstæð þverfagleg einstaklingsmiðuð starfsendurhæfing fyrir fólk með erlendan bakgrunn í samstarfi við sálfræðistofuna Mín líðan ehf. Áætlað er að fara af stað í janúar 2025.

SÉRSTAKUR STUÐNINGUR VIÐ FÓLK MEÐ ERLENDAN BAKGRUNN

Sérstakur stuðningur við fólk með erlendan bakgrunn er ætlaður fyrir einstaklinga sem geta ekki sinnt hópúræðinu á matsbraut af ýmsum ástæðum s.s. vegna tungumálaerfiðleika, þurfa meiri stuðning vegna skertrar starfsgetu eða af öðrum ástæðum. Alls hafa 33 einstaklingar verið 1-3 mánuði í þjónustu.

SÉRSTAKUR STUÐNINGUR VIÐ NÁM

Hringsjá býður upp á stuðning við einstaklinga með skerta starfsgetu sem eru að undirbúa sig fyrir nám í öðrum skóla en Hringsjá eða þurfa stuðning við nám annarsstaðar. Stuðningurinn er aðlagður að þörfum hvers einstaklings og er í 1-5 mánuði. Meiri aðsókn er að þessu úrræði en Hringsjá getur sinnt og er nú þegar kominn biðlisti fyrir haustönn 2024. Alls voru 11 einstaklingar á árinu 2023 í sérstökum stuðningi en samtals 18 á vorönn 2024.

EINSTAKLINGSBUNDIN ÞVERFAGLEG STARFSENDURHÆFING/NÁM

Nemendur eru teknir inn tvisvar á ári, í janúar og ágúst. Námið tekur að jafnaði þrjár annir. Kennt er í 4-8 kennslustundir á dag, fimm daga vikunnar. Kennt er í litlum hópum og námið er einstaklingsbundið. Flestir nemendur hlutu einstaklingsaðstoð á árinu. Áfram var aukin áhersla lögð á að nemendur fari vel undirbúnir í frekara nám eða atvinnuþátttöku.

Nemendur sem útskrifaðir voru í maí 2023 voru 19 talsins. Við útskriftarathöfn sá Jógvan Hansen um tónlistarflutning og forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, flutti hátíðarávarp.

Útskrifaðir nemendur í desember voru 11 talsins. Tónlist fluttu Ragnheiður Gröndal og Guðmundur Pétursson. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson flutti hátíðarávarp.



Mynd 3: Útskriftarhópur á vorönn 2024

Það voru samtals 17 einstaklingar sem útskrifuðust á vorönn 2024 og sáu Regína Ósk og Svenni Þór um tónlistarflutning. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands flutti hátíðarávarpið.



Við útskrift fá útskriftarnemendur gjöf sem ætluð er að minna á þá sigra sem unnist hafa, gleðja og hvetja áfram til frekari sigra. Útskriftargjöf til útskriftarnema á árinu var Fuglinn sem er eftir Laufeyju Jensdóttur myndlistarmann.

STOÐÞJÓNUSTA

Öllum nemendum og þátttakendum á námskeiðum býðst **ÞJÓNUSTA NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFJA**. Einstaklingar sem eru að kynna sér Hring sjá og sækja um nám/námskeið m.t.t. endurhæfingar og stundum aðstandendur eða stuðningsaðilar þeirra, leita einnig til náms- og starfsráðgjafa.

FÉLAGSRÁÐGJAFI Hring sjár sér um gerð endurhæfingaráætlana, sér í lagi í tengslum við umsóknir um endurhæfingarlífeyri til Tryggingarstofnunar ríkisins. Félagsráðgjafi sinnir einnig eftirfylgni við útskrifaða nemendur. Þá hefur lengi verið þörf á aðkomu félagsráðgjafa að náms- og starfsendurhæfingu vegna úrlausna við félagsleg verkefni af ýmsum toga sem nemendur glíma við á hverjum tíma.

IÐJUÞJÁLFI sér um hoptíma á matsbraut og aðstoðar þá nemendur við að koma á skipulagi á athafnir dagslegs lífs. Iðjuþjálfari metur skynúrvinnslu þegar þess er þörf og ef um iðjuvanda er að ræða á því sviði, fær nemandi ráðgjöf og fundnar eru persónubundnar lausnir í samvinnu við nemanda.

SÁLFRÆÐINGUR sér um hoptíma og handleiðslu. Samningur er við þrjár sálfræðistofur á höfuðborgarsvæðinu sem sinna einstaklingsviðtölum.

LESBLINDA OG SÉRTÆKIR NÁMSÖRÐUGLEIKAR eru algengir meðal nemenda Hring sjár og margir hafa aldrei fengið greiningu. Nauðsynlegt er að staðfesta og skilgreina vandann til þess að hægt sé að finna og nýta viðeigandi aðferðir og leiðir. **Sérkennari** sér um lesgreiningar og er notast við **LOGOS** greiningarkerfið. Einnig starfar **Davis® ráðgjafi** í Hring sjá sem sinnir þjónustu við lesblinda en einnig er hægt að beita Davis® tækninni á talnablindu, reikniblindu, skrifblindu og einnig athyglisbrest með eða án ofvirkni.


ÖNNUR STODÞJÓNUSTA

Frá upphafi Hring sjár hefur verið leitast við að nýta allt það sem að gagna getur komið við nám og kennslu, og að ýta hindrunum úr vegi. Áhersla er lögð á friðsælt og þægilegt umhverfi. Dæmi um aðrar leiðir til stuðnings og til þess að efla námsframvindu eru:


- Bara stuðningspúðar og hálskragar – sem bæta setstöðu, minnka verki í herðum, handleggjum og höndum. Auðvelda einnig fólki að stunda iðju.
- Hljóðbókasafnið
- Höfuðsett sem útiloka umhverfisljóð – hjálpa þeim sem eiga erfitt með að halda einbeitingu.
- Lofthreinsitæki – sem auðveldar þeim sem eiga við mikið ofnæmi, astma eða mígreni að etja. Einnig þeim sem eru með ný líffæri, þ.e. eru líffæraþegar. Hreinsar loftið, eyðir lykt og drepur bakteríur.
- Pullur, sessur og skemlar eftir þörfum.
- Stillanleg rafmagnsborð og stólar.

NEMENDUR


Skipting nemenda eftir búsetu, kyni og aldri. Heildarfjöldi í einstaklingsmiðaðri starfsendurhæfingu á árinu 2023 var 103 nemandi og var meðalaldurinn 29,7 ár.



Graf 2: Fjöldi nemenda í endurhæfingu 2023



Graf 3: Skipting eftir kyni



Graf 4: Aldursdreifing. Elsti nemandinn var 49 ára og sá yngsti 19 ára

DAGLEGT STARF OG ÞJÓNUSTA

Haldið var áfram að auka tækifæri nemenda til að njóta lista og menningarlífs, bæði með heimsóknum og einnig var fjölmörgu listafólki boðið heim. Ásamt því að veita alhliða náms- og starfsendurhæfingu var aukin áhersla á náms- og starfsfræðslu og tengingu við atvinnulífið. Góð samvinna var við Hjálparstofnun kirkjunnar, Mæðrastyrksnefnd og Fjölskylduhjálp Íslands vegna matvæla-, lyfja- og annarrar aðstoðar við nemendur. Gott samstarf var við fjöldann allan af stofnunum og sérfræðingum á heilbrigðis- og velferðarsviði svo og vinnumála- og menntakerfi landsins.

FÉLAGSLÍF

Félagslíf nemenda var með hefðbundnum hætti og eftirfarandi uppákomur og atburðir áttu sér stað m.a.:

Árshátíð
Badmintonmót Hringsjár
Bleiki dagurinn – árvekni átak Krabbameinsfélags Íslands
Dagur íslenskrar tungu
Gulur dagur
Hvíti dagurinn; Baráttudagur gegn einelti
Hrekkjavaka
Hringsvar- spurningakeppni nemenda
Myndlistarsýningar nemenda
Tyllidagar
Uppistand



Mynd 4: Nemendur skólans hlusta á fyrirlestur

Fjöldi listamanna og sérfræðinga lagði sitt af mörkum við þessa atburði.

Nemendur skoðuðu aðra skóla í náms- og starfsfræðslu, vinnustaði, söfn og sýningar í öðrum fögum.

STYRKIR

Hringsjá fékk þróunarstyrk úr Atvinnuleysisstryggingarsjóði vegna matsbrautar. Styrkurinn er ætlaður til að þróa matsbrautina bæði fyrir íslenskumælandi sem og einstaklinga með erlendan bakgrunn. Styrkurinn er fyrir rekstrarárið 2024. Einnig fékk Hringsjá 300.000 kr. styrk úr Styrktarsjóði geðheilbrigðis hjá Geðhjálp til að efla heilsueflingu og hreyfingu.

Hringsjá fékk styrk frá ÖBÍ sem kom að góðum notum.

Við þökkum Vinnumálastofnun, ÖBÍ og Styrktarsjóði geðheilbrigðis kærlega fyrir stuðninginn.

ÝMIS VERKEFNI

Eins og undanfarin ár aðstoðuðu náms- og starfsráðgjafi, félagsráðgjafi og forstöðumaður nemendur við að sækja um ýmsa styrki, m.a. frá Menntunarsjóði Mæðrastyrksnefndar, Menntunarsjóði Sigríðar Jónsdóttur, Menningar- og minningarsjóði kvenna, Bandalagi kvenna í Reykjavík o.fl.

Skólinn endurnýjaði áskrift að Microsoft 365 hugbúnaði enda er sá hugbúnaður í notkun á flestum vinnustöðum og nánast öllum skólum landsins og mikilvægt að nemendur frá Hringsjá geti nýtt sér hann til náms eða starfa. Áfram var unnið að því að þróa umsækjenda- og nemendagagnagrunninn okkar, Námuna.

Í tengslum við kennslu í tölvubókhaldi hefur Hringsjá samið við dk hugbúnað um fjaraðgang að dk bókhaldskerfinu.

Heimasíða Hringsjár (hringsja.is) var endurnýjuð á árinu af Opnum Kerfum og umsjónarmaður er Gunnar Möller. Síðan er vistuð hjá Wordpress. Þá er Hringsjá með síðu á Facebook þar sem hægt er að fylgjast með daglegu starfi og umsjónarmaður þeirrar síðu er Gígja Baldursdóttir.

NIÐURLAG

Á starfsárinu var unnið að því að efla matsbrautir og fjölga úrræðum fyrir einstaklinga með erlendan bakgrunn. Tekist var á við fleiri verkefni og farsælu samstarfi haldið áfram við helstu samstarfsaðila. ÖBÍ réttindasamtök stóð eins og endranær við bakið á starfseminni og veitti dyggan stuðning.

Á starfsárinu 2024-2025 verður áfram unnið að því að tryggja fjárhagslegan sem og faglegan grunn Hringsjár ásamt því að efla þjónustu, árangur og gæði starfseminnar. Á árinu mun Hringsjá áfram hafa það að markmiði að bjóða fjölbreytta og þverfaglega starfsendurhæfingu með auknum tengslum atvinnulífs og skóla.

Reykjavík, 6. júní 2024



Helga Eysteinsdóttir, forstöðumaður Hringsjár